

Stjórnarfundur HRFÍ 8. nóvember 2021

Haldinn kl. 17:00 á skrifstofu félagsins, Síðumúla

Mættir: Daníel Örn Hinriksson, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Helga Kolbeinsdóttir, Marianna Gunnarsdóttir, Anna Guðjónsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir og Guðný Ísaksen, framkvæmdastjóri.

Frá sýningarstjórn: Sóley Halla Möller, Erna Sigríður Ómarsdóttir og Hilda Björk Friðriksdóttir.

Sýningastjórn

Nú er ljóst að 500 manna fjöldatakmörkun verður í gildi á sýningu félagsins í lok mánaðarins. Með því að fólk framvísi niðurstöðu úr hraðprófi fara fjöldatakmörk þó upp í 1500 manns. Stjórn var sammála mati sýningarstjórnar að hraðpróf sé ákjósanlegur kostur, sem best tryggir öryggi félagsmanna og gefi okkur meira svigrúm til að halda úrslit. Hraðprófin gilda í 48 tíma og þarf að framvísa niðurstöðu þeirra til að fá aðgöngu að sýningarsvæðinu. Útfærsla á þessu fyrirkomulagi verður tilkynnt félagsmönnum innan skamms.

Nýtt tölvukerfi er komið langt á veg og verður komið í notkun árið 2022, þá verður meðal annars hægt að skrá á sýningu og í augnskoðanir í gegnum tölvukerfi félagsins.

Augnskoðun

Augnskoðun fór fram í Sólheimakoti síðustu viku, það var mikil hagræðing að vottorðin voru í þetta sinn á rafrænu formi. Eitt tilvik af PRA fannst við augnskoðun og ákvað stjórnin að senda erindi á deild viðkomandi hundategundar um mögulega tímabundna kröfu um augnskoðun vegna þessa.

Stjórnin ræddi kostnað og tekjur af augnskoðun. Ljóst er að hækka þarf gjaldið svo þetta standi undir sér.

Íþróttadeild

Aðilar úr stjórn funduðu með fulltrúum frá Íþróttadeild milli funda. Íþróttadeild kynnti þar nýtt fyrirkomulag á þjálfunum og gjaldtöku sem mun vonandi skila sér í betri þátttöku og nýtingu á þjálfunum.

Fasteignanefnd; staða eftir fund nefndarinnar.

Upplýst var um fundi og umræður fasteignanefndar um stöðu á húsnæðismálum og mögulegum fasteignakaupum félagsins.

Fundi slitið klukkan 18:20